

Snjór- hitastig og bráðnun

Yngsta stig

Nemendum er skipt í 4 hópa. Hver hópur tekur með sér eina ½ lítra plastflösku t.d. gosflöskur. Settur er snjór í allar flöskurnar og reynt að hafa álíka mikið í þeim öllum (gott að merkja með svörtum túss á flöskurnar). Flöskurnar eru settar á sitthvorn staðinn í stofunni (sjá verkefnablað). Nemendur gera tilgátu um í hverri þeirra snjórinn muni bráðna fyrst og fylgjast svo með hvað gerist.

Markmið

Að nemendur læri um hitastig og átti sig á hlutverki einangrunar.

Áhöld

- Fjórar plastflöskur, sem búið er að merkja hve mikið af snjó á að vera í,
- verkefnablað sem hver nemandi fær,
- hitamælir,
- blýantar,
- sokkur,
- ullarsokkur.

Snjór



1. Fáíð ½ lítra flösku hjá kennaranum.
2. Setið snjó í flöskuna að svörtu línunni á flöskunni.

Hvað heldur þú að hitastig snjósins sé? _____

3. Mældu nú hitastig snjósins. Það er _____
4. Nú eru flöskurnar settar á 4 mismunandi staði inni í stofunni. Ein er klædd í ullarsokk, önnur sett inn í skáp, sú þriðja er sett út í glugga og sú fjórða er klædd í venjulegan sokk.
5. Mín tilgáta er sú að snjórinn bráðni fyrst í flösku:
 - Í ullarsokk
 - Í venjulegan sokk
 - Inn í skáp
 - Úti í glugga
6. Í hvaða flösku bráðnaði snjórinn fyrst?
 - Í ullarsokk
 - Í venjulegan sokk
 - Inn í skáp
 - Úti í glugga
7. Hvað er hitastigið í flöskunni þar sem snjórinn er búinn að bráðna?
